

Stjórnarfundur nr. 3

10. ágúst 2011 kl.16:30 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðardóttir, Súsanna Antonisdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.

1. Erindi vegna deildarsýningar 16. og 17. apríl sl. – Ógreiddir reikningar ofl.

Til Stjórnar HRFÍ

Sýningarstjórn HRFÍ.

Með tilvísun í nýafstaðinnar 5 deilda sýningingar Smáhunda, Mjöhunda, Terrier, Shih Tzu og Yorkshire Terrier deildar, viljum við fyrir hönd Shih Tzu og Yorkshire terrier deildar færa ykkur þakklaeti fyrir þá velvild og hjálpssemi við þá aðila er stóðu að þessari sýningu. Þeir aðilar er buðu sig fram til vinnu á þessari sýningu voru í alla staði til fyrirmyndar og verður seint þakkað alla þá vinnu er þau lögðu til þessa helgi.

Okkur hefur borist til eyrna að vissir aðilar er áttu þátt í uppfærslu sýningar hafði verið með dónaskap og leiðindi við starfsfólk félagsins bæði á skrifstofunni og annarstaðar. Viljum við færa þeim innilegar afsökunar beiðni vegna framkomu þessara aðila og viljum við taka það fram að það var hvorki vilji Shih Tzu né Yorkshire terrierdeildar að atburðir þróuðust í þá átt sem raun bar vitni. Í upphafi leiks í fyrra var áætlunin sú að hafa skemmtilega deildarsýningu öllum til ánægju og gamans og að hafa tækifæri til að starfa með skemmtilegu fólki úr öðrum deildum.

En svo virðist þetta af óskiljanlegum ástæðum hafa farið algjörlega úr böndunum, og þá sérstaklega þá kostnaðarliði sem undirritaðar voru algjörlega mótfallnar. Þegar líða tók á og nokkrar vikur voru í sýningu fór að bera á því að vissir aðilar innan þessa svokallaða „sýningarnefnd“ fóru að taka ákvarðanir án tilliti til hvað öðrum fannst. Börðust við mikið fyrir því að ekki yrði keyptur verðlaunapallur upp á annað hundrað þúsund og reyndum við að koma okkar skoðunum á framfæri vegna staurana (skipting á hringjum) og sætaröðunar númerum. Við vorum með tillögu um skiptinguna á hringjum en ekki þótti það nógu fínt. Náðum við því í gegn að ekki var keyptur pallur og staurum var fækkað, og að sjálfsögðu á kosnað vinstelda okkar, og samstarfs deildanna. Í kjölfarið var fyrirspurnum okkar ekki svarað og jafnvel algjörlega husaðar. Vissir aðilar voru itrékað varaðir við að gæta hagsmunum félagsins og passa uppá óhóflega eyðslusemi og mynntir á að þetta væru fjármunir félagsins.

Fór þá að bera á að við vorum sniðgengnar með öllu. Ekki var einu sinni hægt að búa til tékklista til að gæta þess að staðið væri rétt að öllu og að séð hafi verið fyrir öllu, þ.a.m. greiðslu til dómara.

Sjálfkjörin framkvæmdastjóri þessarar sýningar sýndi bæði vanvirðingu og dónaskap við styrktaraðila sýningarinnar og fulltrúa deilda. Hún tók sjálfstæðar ákvarðanir án þess að ráðfæra sig við fulltrúa deildana er stóðu fyrir þessari sýningu, eða þá ráðfærði sig bara við hluta að þeim.

Framkoma hennar útávið var eins og að hún stæði ein að þessari sýningu.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. Shih Tzu deildar

Soffía Kwaszenko

f.h. Yorkshire terrier deildar

Kristín Erla Karlsdóttir

Varðar 5 deilda sýningu sem haldin var 15. og 16. apríl s.l.

Eins og fram kom á fundi með fulltrúum sýningarinnar, framkvæmdastjóra og gjaldkera HRFÍ í maí sl. þá greiddi Hundaræktarfélag Íslands alla þá reikninga sem voru í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun sýningarinnar. Það sem var ófrágengið var algjörlega á ábyrgð deildanna enda ekki gert ráð fyrir þeim liðum í samþykktri fjárhagsáætlun. Á þessum fundi var fundarmönnum gerð greinilega skil á afstöðu stjórnar HRFÍ svo og útskýringar þar að lútandi. Reikningar frá Íslenskri verslunartækni vegna leigu á staurum og frá Bandalagi íslenskra skáta vegna leigu á borðum og stólum standa út af borðinu vegna þessarar sýningar. Þessir liðir voru ekki inn á fjárhagsáætlun sýningarinnar og úttektir þessar því framkvæmdar án samþykkis HRFÍ. Þann 13. júlí var haldinn fundur vegna uppgjors á sýningunni þar mættu fulltrúar frá Yorka, Terrier, ShihTzu og Mjöhundadeild en enginn frá Smáhundadeild. Skv. þeim upplýsingum sem HRFÍ hefur virðist sem Smáhundadeild hafi haft umsjón með fjármálum sýningarinnar. Á þessum fundi deildanna var samþykkt einróma að Smáhundadeild fengi til umráða ágóða sýningarinnar og myndi jafnframt eiga þá muni sem til eru eftir sýninguna s.s. númeraspjöld ofl. Einnig væru ógreiddir reikningar á ábyrgð Smáhundadeildar.

Stjórn HRFÍ hefur ekkert með þetta að gera og mun ekki hafa meiri afskipti af uppgjöri þessarar sýningar.

2. Dýravelferð tillögur álitsumleitun – Frumvarp til laga um dýravelferð

A-2532 a

Lesið yfir og gerðar eftirfarandi tillögur til breytinga og athugasemda:

Stjórn Hundaræktarfélag Íslands metur það mikils að fá tillögurnar til umsagnar og fagnar að búið sé að endurskoða dýraverndunarlögin nr. 15/1994.

Hundaræktarfélag Íslands gerði tvær eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um dýravelferð:

1.

III.kafli Almenn ákvæði um meðferð dýra

9. gr. Geta, hæfni og ábyrgð

Síðasta setningin er eftirfarandi:

“Óheimilt er að fela börnum undir 16 ára aldri og ólöggráða einstaklingum einum ábyrgð á dýrum.”

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands leggur til að breyta 16 ára í 18 ára til samræmis við hundasamþykktir í landinu.

2.

Viðauki I

1.Dýrahald:

1.1. Svín 2 eða fleiri

1.2. Nautgripir 6 eða fleiri

1.3. Loðdýr 6*eða fleiri

1.4. Kindur/geitur 11 eða fleiri

1.5. Fuglar 50 eða fleiri

1.6. Hross 11 eða fleiri

1.7. Hundar 6* eða fleiri

1.8. Kettir 6* eða fleiri

1.9. Kanínur 6* eða fleiri

*Fjöldatölur eiga við um kynþroska dýr

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands óskar eftir upplýsingum um hver sé rökstuðningurinn fyrir fjölda dýranna og á hvern leyfið er skráð þ.e. á kennitölu eða heimili.

3. Tvö erindi frá Retrieverdeild

A-2532

1. Umsókn um dómarréttindi fyrir Sigurmon Marvin Hreinsson.

Sigurmon Marvin hefur nýlega lokið skriflegu prófi í kunnáttu sinni til að dæma veiðipróf, en hann hefur gengið með dómurum undanfarin tvö ár. Stjórn Retrieverdeildar óskar eftir að Sigurmoni verði veitt dómarréttindi til veiðiprófs fyrir retrieverhunda. Meðfylgjandi er tilkynning dómarráðs um að Sigurmon hafi lokið dómara námi sínu með sóma.

Samþykkt

2. Umsókn um leyfi til að halda auka veiðipróf í september 2011

Óvenju mikil skráning hefur verið á veiðipróf sumarsins og um verslunarmannahelgina síðastliðnu voru 25 skráningar hvorn dag. Gripið var til þess ráðs að leyfa þeim 12 sem skráðu sig í byrjendaflokk að þreyta próf annan prófdag af tveimur. Því eru allmargir sem greiddu fyrir próf báða dagana sem aðeins fengu að taka þátt annan daginn. Við sækjum því hér með um leyfi til að halda eitt auka veiðipróf í september til að þeir sem greitt hafa fyrir próf fái tækifæri til að þreyta það.

Við höfum hug á að hafa þetta próf fyrsta próf Sigurmons M. Hreinssonar dómara nema sem nýlega hefur lokið sínu námi. Prófstjóri og fulltrúi verða tilnefndir strax og leyfi fyrir prófinu fæst.

Samþykkt

Næsti stjórnarfundur miðvikudaginn 17. ágúst kl.16:30.

Valgerður Júlíusdóttir, ritaði

Sign: Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðardóttir, Súsanna Antonsdóttir, Valgerður Júlíusdóttir.